

Sigrún Helgadóttir

Skýrsla Orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands

Flutt á aðalfundi 8. febrúar 2007

Helsta verkefni orðanefndarinnar á árinu 2006 var að koma upp leitaraðgangi að 4. útgáfu Tölvuorðasafns á vefsetri Skýrslutæknifélagsins www.sky.is.

Samið var við fyrirtækið Spurl ehf. um gerð leitarkerfis. Spurl hefur síðan sameinast fyrirtækinu Já ehf.

Viðar Músson sá um gerð gagnasafns og leitarforrits. Kerfið var tilbúið haustið 2006 en var opnað formlega á Degi Íslenskrar tungu 16. nóvember 2006. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, gerði félaginu og nefndinni þann heiður að opna leitaradganginn á vef félagsins.

Á vef orðasafnsins má nálgast lista yfir þá sem styrktu 4. útgáfu Tölvuorðasafnsins og formála og inngang að 4. útgáfu ásamt upplýsingum um nefndarmenn og myndum af þeim.

Á degi Íslenskrar tungu veitti menntamálaráðherra orðanefndinni sérstaka viðurkenningu og tók formaður við henni fyrir hönd nefndarinnar.

Upplýsingaefni orðanefndarinnar sem lengi var hýst á vefsetri Íslenskrar málstöðvar hefur nú verið flutt á vefsetur félagsins www.sky.is. Þar má nálgast pistla sem Stefán Briem ritaði þegar hann vann sem ritstjóri að 3. og 4. útgáfu Tölvuorðasafnsins. Hugmyndin var að nefndin hefði þarna vettvang til þess að koma á framfæri „nýmælum“ þ.e. tillögum um ný orð. Það skrifast á reikning formanns nefndarinnar að sá vettvangur hefur ekki verið nýttur enn sem komið er.

Nefndin reynir að funda sem næst mánaðarlega. Einn nefndarmanna, Örn Kaldalóns, býr nú í Englandi en kemur til Íslands u.þ.b. einu sinni í mánuði vegna starfa sinna og hittist nefndin þá í fundarherbergi Viðskiptaráðs. Á fundum nefndarinnar eru teknar fyrir fyrirspurnir sem nefndinni berast og reynt að finna heiti fyrir nýjungar sem stöðugt skjóta upp kollinum í upplýsinga- og tölvutækni.

Nefndin hefur nú fengið greiddan frá Hinu íslenska bókmenntafélagi hluta af hlutdeild sinni af hagnaði af sölu Tölvuorðasafnsins. Nú er ráðgert að gera vefkerfi Tölvuorðasafnsins þannig úr garði að bæta megi inn í það efni. Einnig er ráðgert að bæta þar inn Íslenskum táknaheitum sem orðanefndin tók saman og Íslensk málnefnd gaf út 2003.

Að lokum má til gamans koma á framfæri tveimur nýjum orðum sem nefndin hefur spreytt sig á nýlega. Í lok síðasta árs barst fyrirspurn um það hvaða íslenskt orð mætti nota fyrir „PowerPoint slide“. Tallaga nefndarinn var að leggja til kvenkynsorðið „skýra“ fyrir „slide“ í þessari merkingu. PowerPoint væri þá ein gerð af skýruforrit, þ.e. forriti sem aðstoðar við að búa til skýrur.

Nýlega var nokkuð fjallað um ný tæki sem kallast á ensku „iPhones“. Lagt var til að þetta tæki heiti á íslensku „fjölva“ sem er kvenkynsorð og beygist eins og „tölva“. Hugmyndin byggist á því að þetta sé mjög fjölhæft tæki. Nefndin hefur þegar notað karlkynsorðið „fjölvi“ um það sem á ensku kallast „macro“ eða „macro instruction“ með góðum árangri.